

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 24. ágúst 2022:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um tíðni sorphirðu við íbúðarhúsnæði í Reykjavík - US220194

Reykjavíkurborg samþykkir að auka tíðni sorphirðu við íbúðarhúsnæði í Reykjavík. Hirðutíðni yrði þá breytt í kjölfarið á heimasíðunni. Gráar tunnur verða tæmdar vikulega. Bláar og grænar tunnur verða tæmdar aðra hverja viku. Þessa reglur munu breytast án þess að gjald verði hækkað á almenning. Fyrir bankahrunið árið 2008 var sorphirða í Reykjavík mun tíðari en í dag. Gráar tunnur voru hirtar vikulega og flokkunartunna aðra hverja viku. Eftir hrun var ákveðið að skera niður tíðnina til þess að hagræða í rekstri borgarinnar. Síðan þá hefur hirðutíðni gráu tunnurnar endað í annarri hverri viku og flokkunartunnur á 21 dags fresti.

Greinargerð:

Nú eru liðin að verða 15 ár frá hruni, og núverandi ástand kallar á svipað fyrirkomulag og fyrir var niðurskurðinn sem framkvæmdur var í kjölfarið. Það er borgarbúum ekki óalgeng sjón að sjá rusl yfirfylla tunnur sínar sem hefur í för með sér að rusl og plast fýkur um göturnar. Plast- og rusl mengun á ekki að líðast í borginni og því er mikilvægt að komið verði í veg fyrir hana með því að auka hirðutíðnina, svo að sómi sé af umhverfismálum í borginni.